

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 17. október 2010.

Tímasetning fundar: kl. 20:00 - 21:15

Fundarstaður: Súfistinn Hafnarfirði.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	meðstjórnandi	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Tilnefning á konum vegna heiðurstilnefningar Gígjunnar á aðalfundi 23. október 2010.

Stjórnnum kóranna voru sendar óskir um tilnefningar á konum til að heiðra á aðalfundi Gígjunnar. Hugmyndin er að heiðra konu sem hefur unnið gott starf fyrir kórinn sinn og er mikilvæg fyrir kórstarfið með einhverjum hætti. Óskað var eftir því að rökstuðningur fylgdi í stuttu máli. Stjórn Gígjunnar mun síðan velja eina konu af þeim sem tilnefndar voru til að heiðra á aðalfundinum. Eftirfarandi tilnefningar bárust:

Kvennakór Akureyrar Helga Gunnlaugsdóttir.

Kvennakór Hafnarfjarðar Ragna Jóna Helgadóttir.

Kvennakór Kópavogs Jófríður Guðmundsdóttir.

Kvennakór Reykjavíkur Hrönn Hjaltadóttir.

Kvennakór Suðurnesja Aðalheiður Gunnarsdóttir.

Vox feminae Margrét J Pálmadóttir.

Kvennakór Akureyrar Dóra Jónasdóttir.

Kvennakór Garðabæjar María Vilhjálmsdóttir.

Leynileg atkvæðagreiðsla fór fram á stjórnarfundinum og féll atkvæðagreiðslan þannig að Hrönn Hjaltadóttir úr Kvennakór Reykjavíkur fékk öll 5 atkvæðin og mun hún verða heiðruð á aðalfundi Gígjunnar. Rökstuðningur Kvennakórs Reykjavíkur við tilnefningu Hrannar var svohljóðandi:

Kvennakór Reykjavíkur vill tilnefna Hrönn Hjaltadóttur til heiðurstilnefningar Gígunnar. Hrönn var einn af stofnfélögum Kvennakórs Reykjavíkur og hefur verið félagi síðan. Hrönn hefur gegnt ýmsum embættum innan kórsins. Hrönn hefur verið í nótnanefnd, tónleikanefnd og útgáfufnd og lengst af séð um allt nótnasafn kórsins, sem er orðið býsna stórt eftir nærri 20 ár. Hún hefur í gegnum tíðina séð um allt prentað mál sem komið hefur frá kórnum, svo sem tónleikaskrár og skrár sem fylgja diskum. Alltaf er hægt að treysta því að þar sé allt unnið af stakri vandvirkni og heimildir séu réttar svo og allir textar. Hrönn hefur ekki getað sungið með kórnum í nokkur ár vegna sjúkdóms í raddböndum en hún er félagi í kórnum og gengur að öllum sínum skyldum innan hans. Án hennar væri kórin fátækari, hún er akkerið okkar.

2. Inntaka nýrra kóra.

Stjórnin samþykkti inntöku Kvennakórsins við Háskóla Íslands á fundinum og sendir AG þeim staðfestingu á því.

3. Hugmyndir frá kórnum um efni sem aðildarkórar vildu að ræddar yrðu á aðalfundi Gígunnar.

Þær hugmyndir sem komu frá kórnum í spurningalistanum voru eftirfarandi:

Kvennakór Reykjavíkur. Við vildum gjarnan taka upp umræðu um stefgjöld. Geta kvennakórar greitt stefgjöld undir sama hatti líkt og fjöldi annarra kóra gerir.

Kvennakór Suðurnesja. Við mælum með að fá Sigrúnu Sævarsdóttur til að halda fyrirlestur um tónlist og hreyfingu.

Léttuveit Reykjavíkur. Spurning hvort hægt sé að hafa á heimasíðunni einskonar gagnabanka, þar sem hægt væri að sækja ýmsar hugmyndir og upplýsingar, t.d. um staði fyrir æfingabúðir, góðar fjáröflunarleiðir, styrktarsjóði o.fl.

Vox feminae. Aðgengi að styrkjum. Er jafnræði milli karla- og kvennakóra við styrkveitingar?

Kvennakór Garðabæjar. Reynslusögur um fjármál, félagsmál, stjórnunarstörf, fjáraflanir, ferðasögur. Hópefli í kórastarfi. Leiðbeiningar við skipulag söngferða innan- sem utanlands.

Allar þessar tillögur voru ræddar og spurning um hvort eitthvað af þeim myndi nýtast á aðalfundi 2011. AG mun fara yfir þessar spurningar og tillögur á næsta aðalfundi

3. Jólalag Gígunnar.

Jólalagið sem Elín Gunnarsdóttir hefur verið að semja er komið til okkar og heitir “Stjarna yfir Betlehem”. Þar sem Elín ætlaði að hafa lagið tilbúið um miðjan september

en ekki miðjan október þá ætlar AG að óska eftir því við hana að fá frumflutningsrétt fram til áramóta 2011/2012. Það er það stutt eftir fram að jólatónleikum kóranna og dagskráin hjá þeim að mestu tilbúin, þannig að ekki verður séð að margir kórar geti frumflutt lagið nú í ár.

3. Kórstjórafundur.

Á kórstjórafundi sem haldinn verður 23. október n.k. sama dag og aðalfundurinn verður haldinn, ætlar stjórnin að óska eftir því við kórstjórana hvort ekki sé hægt að mynda kórstjóraráð, sem myndi m.a. aðstoða og ráðleggja kórum sem eru að halda landsmót.

Fundi var slitið kl. 21:15.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir